

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 5. tbl. 9. árg. 12. mars 2015



Myndir augnabliksins eru frá Síðuskóla. Nemendur í 1. bekk heimsóttu nemendur í 5. bekk og eldri nemendurnir lásu fyrir þá yngri. Allir virtust njóta þess vel að hittast, kynnast og efla vináttuna.



Lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar.

Í ár mættu til leiks 14 nemendur sem komu frá sjö grunnskólum á Akureyri. Eins og við var að búast stóðu allir þátttakendur sig með mikilli þrýði og fullur salur gesta truflaði ekki einbeitingu og yfirvegun nemenda. Dómarar á lokahátíðinni voru Ingibjörg Einarsdóttir formaður Radda, Brynhildur Þórarinsdóttir rit-höfundur, Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður og Valdimar Gunnarsson fyrrverandi kennari við Menntaskólann á Akureyri. Dómnefndin átti ekki auðvelt verk fyrir höndum að velja úr þessum frábæra hópi þátttakenda.

Sigurvegarar þetta árið eru Björg Elva Friðfinnsdóttir nemandi í Oddeyrarskóla sem varð í þriðja sæti, Telma Lisa Elmarsdóttir nemandi í Lundarskóla var í öðru sæti og sigurvegarinn árið 2015 er Arndís Aðils Sigurðardóttir nemandi í Lundarskóla.

Það eru 15 ár frá því að lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram í fyrsta skipti á Akureyri og ávarpaði Vilhjálmur Bergmann Bragason fyrsti verðlaunahafinn, þátttakendur og gesti. Þá fluttu nemendur í Tónlistarskólanum á Akureyri fjölbreytt tónlistaraðriði undir stjórn Unu Bjargar Hjartardóttur deildarstjóra Tónlistarskólans á Akureyri, undirleikari var Helena G. Bjarnadóttir.

Styrktaraðilar keppninnar eru Mjólkursamsalan, Kexsmiðjan og Blómabúð Akureyrar og þá veitti Íslandsbanki vegleg peningaverðlaun. Styrktaraðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Þá er Menntaskólanum á Akureyri einnig færðar bestu þakkir fyrir samstarfið en lokahátíðin hefur farið fram í sal skólans frá upphafi, eða frá árinu 2001.



Siljan - myndbandasamkeppni.

Barnabókasetur stendur nú fyrir myndbandasamkeppni fyrir nemendur í 5.-10. bekk í grunnskólum við Eyjafjörð.

Markmiðið er að hvetja börn og unglinga til að lesa og tjá sig um bækurnar sem þau lesa. Með því að gera lestur barna og unglinga sýnilegri og virkja hina ungu lesendur til jafningjafræðslu getum við fjölgað lestrarhestunum - fengið fleiri til að brokka af stað - og gert lestur að spennandi tómsundaiðju. Nemendur geta unnið einir eða í hópi og hafa fjálsar hendur um efnistösk, aðalatriðið er að þeir lesi og noti hugmyndaflug og tæknina. Fjalla skal um eina barna- eða unglingsbók að eigin vali í hverju myndbandi. Bókin þarf að hafa komið út á íslensku á árunum 2012-2014.

Myndböndin skulu vera 2-3 mínútur að lengd. Vista skal myndböndin á youtube.com og senda slóðina og upplýsingar um höfunda til barnabokasetur@unak.is Skilafrestur rennur út 2. apríl.

Sjá nánar á: <http://www.akureyri.is/amtsbokasafn/siljan>

Lokað á skóladeildinni.

Mánudaginn 16. mars n.k. verður skóladeild Akureyrarbæjar lokað. Þann dag ætla starfsmenn skóladeildar að sækja námskeið um "Markþjálfun og leiðtogahefni".



Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Pisa prófið.

Allir grunnskólanemendur sem verða 16 ára á árinu taka þátt í PISA 2015 rannsókninni. Það er stærsta grunnskólapróf heims, sem yfir hálf milljón 15-16 ára nemenda í 79 löndum svara. PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Sá aldur er valinn vegna þess að í flestum löndum markar hann lok almennrar skólagöngu. PISA er skammstöfun fyrir enska heiti rannsóknarinnar Programme for International Student Assessment.

Rannsóknin er á vegum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar). Alls taka 32 þjóðir þátt í rannsókninni, þar af 28 aðildarríki OECD.

Námsmatsstofnun (áður Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála) sér um framkvæmd rannsóknarinnar á Íslandi fyrir hönd menntamálaráðuneytisins. PISA 2015 er sjötta PISA rannsóknin en fyrst var hún framkvæmd árið 2000.

Þátttaka í PISA er mikilvæg því niðurstöðurnar má nota til að ná eftirfarandi markmiðum:

Til að meta hversu vel íslenskir nemendur eru undirbúnir fyrir áframhaldandi nám eftir að skyldunámi lýkur. Til að skólar, sveitarfélög, ráðuneyti og menntakerfið í heild sinni geti greint þau svið sem helst þarf að bæta. Til að bera saman færni nemenda og námsumhverfi þeirra í ólíkum löndum.

Frekari upplýsingar um PISA er að finna á vef Námsmatsstofnunar <http://www.namsmat.is>.

Frá Norrænu upplýsingaskrifstofunni.

Á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar www.norden.org eru ýmsar upplýsingar sem gætu nýst í skólastarfinu.

Ein síðan inniheldur fjöldann allan af krækjum á efni sem tengist Norðurlöndum og norrænum tungumálum. Skoðið þessa síðu [HÉR](#)

Einnig er á heimasíðu ráðherranefndarinnar ítarlegt yfirlit styrktaráætlana og styrktarsjóða. Kygnið ykkur hana nánar [HÉR](#)

Fluguhnýtingar og stangveiði í Brekkuskóla.

Valgreinin Fluguhnýtingar og stangveiði samanstendur af hinum ýmsu þáttum stangveiðinnar. Í fluguhnýtingum er nemendur kennd undirstöðuatriðin og búa þau til nokkrar algengar laxa- og silungaflugur.

Lokaverkefnið er svo að hanna sína eigin flugu. Í stangveiði fara nemendur í kastkennslu með flugustöngum.

Einnig fá nemendur fræðslu um allan þann búnað sem fylgir fluguveiði sem og hvernig á að umgangast náttúruna og íbúa vatna og áa. Þá vinna nemendur verkefni um veiðisvæði að eigin vali. Kennslan verður nokkuð lotubundin því farið verður í a.m.k. tvær veiðiferðir sem dekla töluverðan hluta tímafjölda námskeiðsins. Gera má ráð fyrir að flestir tímanna fari fram að hausti og svo að vori en bóklegir tímar verði annaðhvort hálfsmánaðarlega eða vikulega á fyrirfram ákveðnum tíma yfir veturinn. Nemendur í valgreininni leitaðu í vikunni að hvítlirfum sem þeir ætla að nota sem beitu við stangveiðina.



Kökukeppni í Glerárskóla.

Nemendur í 6. GS voru með kökukeppni og kepptu fjórar kókur um titilinn besta kakan. Nemendur lögðu mikla vinnu og natni í kókur sínar. Það var erfitt fyrir dómnefndina að ákveða hvaða kaka skyldi hljóta titilinn besta kakan.

Þegar niðurstaða var fengin nutu nemendur veitinganna og starfsfólkið fékk einnig að smakka.



Tilnefningar til Foreldraverðlauna Heimila og skóla.

Opnað hefur verið fyrir tilnefningar til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla fyrir árið 2015. Skólafólk og foreldrar sem vita um metnaðarfullt foreldrastarf sem eftir hefur samstarf foreldra, nemenda og skólafólks og stuðlað að jákvæðum samskiptum heimilis og skóla eru hvött til að láta vita af því.

Hægt er að tilnefna verkefni hér: <http://www.heimiliogskoli.is/2015/03/foreldraverðlaun-heimilis-og-skola-2015/>

Svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar - Samtaka.

Fundargerðir samtaka á: <http://samtaka.net>